



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## ÁFRAM ÁSLANDSSKÓLI



Á döfinni

28. janúar  
Skipulagsdagur

10. febrúar  
Foreldradagur

25. febrúar  
Öskudagur

26. febrúar  
Vetrarfrí

27. febrúar  
Vetrarfrí

16.-18. mars  
Menningardagar

3. apríl  
Páskafrí hefst

Kæru nemendur og forráðamenn

Jákvæð samskipti heimila og skóla eru einn þýðingarmesti þátturinn í árangursríku skólasterfi.

Á skólakynningum í haust lagði undirritaður mikla áherslu á að forráðamenn væru óhræddir við að hafa samband við skólann, leita ráða, fá útskýringar, koma á framfæri ábendingum um eitthvað sem betur mætti fara eða hrósa fyrir vel unnin störf.

Slíkt kemur öllum í skólasamfélaginu okkar miklu betur en að fjasa yfir málum þangað til að þau verða erfiðari úrlausnar.

Öll eigum við það örugglega sameiginlegt að þegar við álitum að eitthvað mætti betur fara, þá viljum við úrlausnir á ógnarhraða.

Ég get með stolti fullyrt að allir starfsmenn Áslandsskóla leggja sig fram við leita leiða til að nemendum líði sem allra best í skólanum. En til að það megi takast verður samtarf heimila og skóla að vera með traustum og jákvæðum hætti. Því hvað þetta varðar, eins og svo margt annað, verða allir að standa saman.

Stundum liggja lausnir í augum uppi en stundum tekur lengri tíma að komast til botns í málum. Þá þarf fólk að hafa þá miklu dygd, þolinmæði, að leiðarljósi.

Ég minnstist á það í síðasta tölublaði Flórigoðans að notkun skólafatnaðar væri að nokkru ábótavant, við værum farin að gefa eftir hvað þetta varðar. Á aðalfundi foreldrafélags skólans var samþykkt einróma að taka slíkan fatnað í notkun. En öllum slíkum ákvörðunum þurfa að fylgja efndir. Forráðamenn nemenda í Áslandsskóla þurfa nú að taka saman höndum um að allir nemendur mæti í skólafatnaði hvern dag.

Við hér í skólanum höfum lagt okkur fram um að upplýsingar um starfsemi skólans berist til heimila með reglulegum hætti. Síðan undirritaður tók við starfi skólastjóra fyrir rúmu ári síðan hafa 17 Flórigoðar flogið heim með nemendum, öllum til upplýsinga. Ég held ég geti óhræddur fullyrt að slík upplýsingagjöf er einsdæmi í grunnskólum í sveitarfélaginu.

Auk þessa starfrækjum við öflugt vefsetur [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is) þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar um skólasterfið. Í þessu tilviki eins og öðrum skal ávallt setja markið hátt. Því er nauðsynlegt fyrir okkur að fá ábendingar frá ykkur um hvað má betur fara, bæði í útgáfu Flórigoðans sem og á vefsetri okkar.

Í byrjun febrúar er foreldradagur í skólanum. Þá koma forráðamenn til viðtals ásamt nemendum og fara yfir námsframvindu og framkomu það sem af er vetri.


Nýleg könnun um líðan nemenda í skólanum kemur hér að góðum notum því við fyrstu yfirferð varpar hún ljósi á ýmsa þætti sem betur mætti fara í háttþrýði nemenda. Ýmsir þættir könnunar verða kynntir foreldrum, t.a.m. í þessu tölublaði Flórigoðans.

Undirbúnings- og boðunarbréf mun berast til forráðamanna í vikunni á undan.

Hafið það sem allra best á þorranum

Leifur S. Garðarsson  
Skólastjóri

## Aðgangur að Mentor-vefnum



### FORRI

Þá er hann kominn með grýlukerti í skeggi og hríðarbagga á herðum.

Pungstígur gengur hann um garð, hvassyrstur.

Glaðbeittir stika Frosti og Snær í fótspor.

Draga helslóða yfir auðnutefta menn á ögurstundum.

Þolgóð bjóðum við hann velkominn með átveislum til árs og friðar.

Ásjón.

Á skólakynningum í haust var fjallað um aðgengi forráðamanna að mentor.is.

Þar geta forráðamenn nálgast upplýsingar er varða skólagöngu barna sinna gegn sérstöku lykilorði.

Þetta lykilorð hefur ekki

verið sent á heimilin þar sem við erum í vandræðum hvað þetta varðar. Bilun í pósthjóni er að stríða okkur. Vonandi tekst okkur í samvinnu við Mentor að leysa þessa flækju sem allra fyrst svo hægt sé að senda lykilorðin heim.



## Skipulagsdagur - Foreldradagur

**Skipulagsdagur er miðvikudaginn 28. janúar.**

Þann dag vinna kennarar m.a. að úrvinnslu miðsveitarprófa og skipulagi foreldraviðtala.

**Foreldradagur er þriðjudaginn 10. febrúar.**

Þann dag koma forráðamenn ásamt nemendum til viðtals hjá umsjónarkennara. Aðrir kennarar verða einnig til viðtals þennan dag.

**Heilsdagsskólinn er opinn frá kl. 8:00 þessa daga en forráðamenn þurfa að ganga frá pöntun og greiðslu á skrifstofu skólans tveimur dögum áður, þ.e. mánudaginn 26. jan og föstudaginn 6. feb.**

## Starfsmannamál



Um sl. áramót bættist **Hrafnkell Kristjánsson** í hóp starfsmanna í heilsdagsskóla.

Hrafnkell hefur starfað sem forfallakennari hér í Áslandsskóla um skeið og mun starfa áfram við það

fyrri hluta dags. Í kringum hádegið snýr hann síðan til starfa í heilsdagsskólanum.

Einnig urðu breytingar í mötuneyti skólans. **Áslaug Fjóra**

**Magnúsdóttir** hóf þá störf í mötuneytinu og bjóðum við hana velkomna til starfa. Áslaug Fjóra tekur við starfi **Höllu Sigurjónsdóttur**. Höllu þökkum við góð viðkygni og vel unnin störf í þágu skólans.

## Um könnun á líðan nemenda

Þriðjudaginn 7. nóvember voru lagðar fyrir nemendur kannanir um líðan þeirra í skólanum. Á yngsta stigi var farið inn á líðan nemenda inni í kennslustundum, frímínútum og íþróttum. Í könnuninni fyrir eldri nemendur, 4.-9. bekk, var farið inn á vinnufrið, stríðni og almenna líðan í skólanum. Sambærileg könnun verður síðan lögð fyrir í mars mánuði til samanburðar.

Tilgangurinn með könnunum sem þessum er að afla upplýsinga um umfang eineltis og hegðunarvandkvæða, hvar slíkt fer oftast fram og hvenær. Þá ættu niðurstöðurnar einnig að gefa okkur einhverja hugmynd um það hvernig nemendum okkar líður í skólanum. Einnig má lesa úr þessum upplýsingum hversu útbreitt vandamálið er meðal drengja annars vegar og telþna hins vegar á mismunandi aldri.

Umsjónarkennarar lögðu könnunina fyrir og sáu um að færa inn niðurstöður úr sínum bekk. Niðurstöðurnar verða ekki kynntar hverjum bekk því að nemendur geta auðveldlega áttað sig á hverja er um að ræða. Þess vegna verða niðurstöður kynntar fyrir hvert skólástig.

Nemendaverndarráð og eineltisráð skólans hafa nú unnið úr niðurstöðunum og fulltrúi þeirra mun kynna þær, fyrst starfsmönnum skólans sem síðan ákveða í sameiningu, með tilliti til niðurstaðna, hvernig unnið verður í framhaldinu. Þegar staðreyndir liggja fyrir verður, ef þurfa þykir, haft samráð við foreldraráð skólans til þess að koma til aðstoðar við að gera áætlun um hvernig heimili og skóli geta unnið að því í sameiningu að fækka slíkum málum í skólanum. Skólinn ber þó aðalábyrgð á að hafa frumkvæði að því að skipuleggja hvernig vinna ber gegn einelti í skólanum og að samhæfa starfið. Könnunin sem hér um ræðir er liður í því starfi skólans. Þá hefur eineltisráð skólans unnið að aðgerðaáætlun eineltismála sem þegar hefur verið kynnt starfsfólki.

Þess má geta að þorri kennara skólans er þegar farinn að vinna með niðurstöður úr sínum bekk. Margir hafa þegar rætt við nemendur og haft samband heim þar sem ástæða hefur þótt til. Á mið- og unglíngastigi skólans voru spurningar á borð við "Hvaða krakkar trufla í kennslustundum?". "Hverjum

er mest strítt?" "Hverjir stríða mest?". Að sjálfsögðu verða foreldrar þeirra nemenda sem þarna eru nefndir upplýstir um staðreyndir málsins á foreldrafundi þann 10. febrúar, ef ekki hefur þegar verið haft samband. Ég vil leggja áherslu á að foreldrar eru einungis upplýstir um stöðu sinna barna, málefni annarra nemenda eru trúnaðarmál.


Einelti er ekki liðið í Áslandsskóla. Öllum, bæði nemendum og starfsfólki á að líða vel í skólanum. Við væntum þess að allt starfsfólk skólans geti unnið samkvæmt sínu besta og þá eru nemendur með taldir. Það sem gerir skóla að skóla er það fólk sem í honum er og að sjálfsögðu aðstandendur nemenda. Það er ekki þar með sagt að í skólanum sé ekkert einelti. Ef þú telur líklegt að barnið þitt verði fyrir siendurteknu áreiti áttu alls ekki að sætta þig við það. Hafðu samband við umsjónarkennarann ef svo er. Við lítum ekki á áhyggjur foreldra sem "nöldur". Skólinn hefur sannarlega vilja til að takast á við þetta verkefni af festu og alvöru.

Ég hvet alla foreldra til að vinna með okkur að góðum samskiptum í skólanum. Varist að segja "Nei mitt barn gerir ekki svona, þetta er ekki honum/henni að kenna, hinn er alltaf að trufla, lemja ... Það gagnast ekki barninu þínu ef þú afsakar framkomu þess. Ef við vinnum saman getum við náð mikilsverðum árangri nemendum okkar og börnunum ykkar í hag.

*Besta ráðið við reiði er örlítill umhugsun (Seneca).*

*Það er alltaf hægt að bæta orði við, en aldrei unnt að taka orð aftur (Machiavelli).*

**Björk Einisdóttir**  
Náms- og starfsráðgjafi



### Aðstoðarskólástjóraskipti þann 1. febrúar

Nú um mánaðamótin verða aðstoðarskólástjóraskipti í Áslandsskóla. Unnur Elfa Guðmundsdóttir snýr aftur í sitt starf sem aðstoðarskólástjóri en hún hefur verið í barnsburðarleyfi frá hausti. Unnur Elfa gerðist aðstoðarskólástjóri um áramótin 2002-2003 og er því óþarft að kynna. Við bjóðum Unni Elfu hjartanlega velkomna á ný í skólann.

Við þessar breytingar snýr Hulda Gunnarsdóttir aftur til starfa sinna sem stigsstjóri á yngra stigi og umsjónarkennari Jöklaheima. Hulda tekur við starfi stigsstjóra af Ástríði Einarsdóttur sem leysti hana af tímabundið með myndarbrag. Huldu eru þökkuð einstaklega vel unnin störf í afleysingu sem aðstoðarskólástjóri.

# SKÓLAMOLAR

## Skólafatnaður, AFTUR!

Í síðasta tölublaði var fjallað um að notkun skólafatnaðar er orðið verulega ábótavant í nokkrum árgöngum. Nú verða foreldrar að taka höndum saman og bæta úr þessu. Þetta er ákvörðun sem tekin var einróma í foreldrahópnum og sorglegt ef við erum að gefa eftir. Ef einhvern vantar fatnað þá er hægt að hafa samband við skrifstofu skólans á opnunartíma frá 8:00-16:00.

## Um gengni í matsal

Umsjónarkennarar eru þessa dagana að ræða við nemendur um umgengni í matsal skólans á matartíma. Mikilvægt er að við göngum vel um skólann okkar og berum virðingu fyrir umhverfinu. Umgengni og hegðun nemenda í matartímum má bæta og viljum við biðja forráðamenn að ræða þetta við matarborðið heima.

## Vetrarfrí

Vetrarfrí er í Áslandsskóla fimmtudaginn 26. febrúar og föstudaginn 27. febrúar n.k.

Þá daga verður heilsdagsskólinn einnig lokaður.

## Menningardagar

Menningardagar verða í skólanum um miðjan mars mánuð. Þá verður ýmislegt gert til dundurs og er undirbúningur þegar hafinn. T.a.m. verður úrslitakeppni upplesturs í 7. bekk þann 18. mars.

## Óskilamunir

Töluvert hefur safnast saman af óskilafatnaði hér í skólanum undanfarið. Á foreldradegi þann 10. febrúar n.k. mun þessi fatnaður liggja frammi og eru forráðamenn hvattir til að skoða hvort eitthvað tilheyri þeirra börnum. Allur óskilafatnaður verður afhentur þeim er standa að fatasöfnunum með vorinu.

## Heimsókn af "Vellinum"

Á dögnum komu kennarar sem kenna börnum varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli í heimsókn í Áslandsskóla. Skólastjóri kynnti þeim skólastefnu og skólahlald og að því loknu var gengið um skólann og litið við í nokkrum kennslustofum. Kennararnir voru mjög hrifnir af skólanum okkar og ánægðir með heimsóknina.

## Öskudagur

Að gefnu tilefni skal minnt á að ekki er frí á öskudaginn í Áslandsskóla. Sá dagur er merktur sem sveigjanlegt skólastarf á skóladagatali sem þýðir að hann verður með óhefðbundnum hætti.

Nánara skipulag öskudagsins hér í skólanum verður gefið út þegar nær dregur.



## Flógoðinn

FRÉTTABLAÐ ÁSLANDSSKÓLA

ÁBYRGÐ, HÖNNUN, UMBROT OG SKRIF:  
LEIFUR S. GARÐARSSON, SKÓLASTJÓRI

Kríúási 1  
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is

